

Skútustaðahreppur
Sigbjörn Gunnarsson
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Umhverfisstofnun
Áb. ZB
06 NOV. 2003
54.20
Tilv. UST20030300/55

UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Landsvirkjunarhúsið
Landsvirkjunarvegur 1
101 Reykjavík
Sími: 592 2000
Fakki: 592 2010
Netfang: ust@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

6. nóvember 2003

Tilvísun: UST20030300155/tb

Efni: Breyting á aðalskipulagi í Skútustaðahrepp

Vísað er í bréf frá Skútustaðahrepp, dags. 12. mars 2003, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðal og deiliskipulagi í Skútustaðahreppi. Einnig er vísað í svarbréf Umhverfisstofnunar við framangreindu erindi, dags. 10. júní sl. Jafnframt er vísað í fund Umhverfisstofnunar, Skútustaðahrepps og Landsvirkjunar haldinn 11. ágúst sl. en þar voru lagðar fram nýjar tillögur að breytingum á aðalskipulagi dagsettar 11. ágúst 2003. Í framhaldi af þeim fundi, 1. september sl., óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn stjórnar Náttúruverndarinnar við Mývatn um nýjar tillögur og barst stofnuninni umsögnin með bréfi dagsettu 8. október sl.

Inngangur:

Tillaga sveitarstjórnar Skútustaðahrepps sem nú liggur fyrir (sjá bréf frá 12. mars sl. og kort dagsett 11. og 15. ágúst sl.) gerir ráð fyrir breytingum á aðalskipulagi á svæðinu við Bjarnarflag og Kísiliðjuna og á svæði innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar og á svæði austan við það þar sem leyfi er fyrir jarðhitarannsóknnum. Um er að ræða breytingu sem felur í sér að merkja þessi svæði sem iðnaðarsvæði skv. skipulags- og byggingarlögum. Ekki kemur fram hvort gert sé ráð fyrir annarri starfsemi á iðnaðarsvæðinu en jarðhitavirkjunum eða borunum tengdum þeim. Umsögn stofnunarinnar miðast því við að starfsemin á nefndum svæðum afmarkist við jarðhitavirkjanir og boranir tengdar þeim.

Ljóst er að iðnaðarsvæðin eru mun stærri en ætla má að þurfi í nánustu framtíð en jafn ljóst er að breyta þarf skipulagi til að uppfylla kröfur m.a. í tengslum við mat á umhverfisáhrifum á svokölluðu vestursvæði, sjá bréf Umhverfisstofnunar dags. 10. júní sl. Í því bréfi kemur einnig eftirfarandi afstaða Umhverfisstofnunar fram: „Verndaráætlun eins og hennar er getið í lögum um náttúruvernd er að mati stofnunarinnar grundvöllur að því að unnt sé að vinna að skipulagi svæðisins í samræmi við þann tilgang laga nr. 36/1974 að stuðla að verndun Mývatns- og Laxársvæðisins í Suður-Þingeyjarsýslu, sbr. 1. gr. laganna. Umhverfisstofnun gerir sér á hinn bóginn grein fyrir því að ljúka þarf skipulagsvinnu við Kröflu áður en svo stóru og tímafreku verki er lokið. Með hliðsjón af ofanrituðu lýsir Umhverfisstofnun yfir vilja til samstarfs við Skútustaðahrepp og aðra þá aðila sem að máli kunna að koma varðandi gerð verndaráætlunar fyrir svæðið í heild sinni.“ Þar sem að ekki næst að vinna verndaráætlun fyrir gerð þessa skipulags telur Umhverfisstofnun að vinna við skipulag svæðisins verði að taka mið af því og að varlega verði að fara í að merkja svæði sem iðnaðarsvæði án þess að vinna við verndaráætlun sé lokið. Þeirri vinnu þarf því að halda áfram og taka verður undir stærri svæði en jarðhitaréttindasvæðið enda endurspeglar það á engan hátt mörk jarðmyndana eða landslagsheilda sem tengjast því svæði sem nú er til

umfjöllunar.

UST
Í umsögn stjórnar Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn kemur fram á korti sem fylgir umsögninni að stjórnin leggur til við Umhverfisstofnun að græn svæði á norðurhluta kortsins verði stækkuð (sjá meðfylgjandi kort) og þau gerð samfelld. Umhverfisstofnun tekur undir þessa afstöðu stjórnarinnar. Jafnframt segir: „Með þessari tillögu stjórnarinnar er reynt að túlka það sjónarmið að landsvæðið frá Viti að Hvannastóði eigi að skoðast sem landslagsheild með mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Máli skipti að mannvirki sjáist lítið frá Leirhnjúki.“ Stjórnin tók ekki afstöðu til annarra svæða en vísar í fyrri afgreiðslu.

Hvað varðar svæðið við Bjarnarflag og Kísiliðjuna vísar Umhverfisstofnun í vinnu við mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar. Þeirri vinnu er ekki lokið og telur Umhverfisstofnun að eðlilegast væri að birta breytingu á aðalskipulagi eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp.

Niðurstaða:

„Verndarsvæði“ norðan vestursvæðis frá Viti að Hvannastóði:

Umhverfisstofnun tekur undir tillögur stjórnar Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og leggur til að svæðið norðan vestursvæðis (sjá meðfylgjandi kort) verði gert að einni heild sem verndarsvæði í skipulagi. Innan svæðisins er einnig svæðið vestan og Norðan Vítis. Það er skilningur Umhverfisstofnunar að gangi þessar hugmyndir eftir muni verndarsvæðið sem lagt er til ekki útiloka nýtingu, svo sem gerð vegslóða og mannvirkja, sem samrýmist eða er aðlöguð að verndarmarkmiðum svæðisins. Hins vegar er einnig ljóst að sumir staðir innan þessa verndarsvæðis hafa hærra verndargildi en aðrir eins og t.d. þau svæði sem eru í „hæsta“ verndarflokki og eru merkt sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagstillögunni sem Umhverfisstofnun hefur verið að fjalla um. Umhverfisstofnun telur því að eftir að aðalskipulagsbreytingin hefur verið staðfest þurfi að skýra landnotkun betur út á einstökum svæðum innan verndarsvæða í verndaráætlun og gera síðan deiliskipulag fyrir svæðið í heild.

Stofnunin leggur til að í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni komi fram að friðlýsa eigi þau svæði sem merkt eru verndarsvæði skv. lögum um náttúruvernd.

Svæði við Bjarnarflag og Kísiliðjuna:

Umhverfisstofnun telur eins og áður segir að eðlilegast væri að gera aðalskipulagsbreytingu á svæðinu við Kísiliðjuna og Bjarnarflag í kjölfar mats á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í matinu verður fjallað um forsendur að aðalskipulagsbreytingunni og að tekin er afstaða til svæðisins á grundvelli þeirra og laga um verndun Mývatns og Laxár svo sem er varðar staðarval, áhrif á jarðhitageyminn, áhrif á landslag og áhrif á lífríki Mývatns t.d. vegna affalsvatns. Stofnun getur því ekki fallist á að merkja bæði framangreind svæði eins og þau eru merkt inn á núverandi kort án fyrirvara meðan að forsendur fyrir vali á þeim liggja ekki fyrir.

Landnotkun á iðnaðarsvæðum:

Umhverfisstofnun vill varpa fram þeirri ábendingu hvort ekki sé eðlilegra að merkja sum iðnaðarsvæðin sem athafnasvæði skv. skipulagsreglugerð eða að gerð sé betur grein fyrir fyrirhugaðri nýtingu. Ljóst er að framtíðarnýting iðnaðarsvæðanna er háð mörgum óvissu þáttum, en á iðnaðarsvæðum má leyfa fleiri en eina tegund iðnaðar. Í skipulagsreglugerð segir um iðnaðarsvæði: „Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpaðlu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir oliur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum“. Stofnunin bendir t.d. á að á svæðinu austan jarðhitaréttindasvæðisins fer fram vatnstaka og eitthvað er um búfjárbætur og útivist. Ef merkja á svæðin sem iðnaðarsvæði þá er spurning

hvort ekki sé eðlilegt að fram komi í greinargerð, sbr. hér að ofan, hvaða nýting er fyrst og fremst lögð til grundvallar aðalskipulagsbreytingunni og hvaða takmörkunum starfsemin getur verið háð.

Umhverfisstofnun vill ítreka að ljúka þarf gerð verndaráætlunar sem er sameiginlegir hagsmunir sveitarfélagsins, stofnunarinnar og fjölda annarra hagsmunaðila.

Að lokum vill Umhverfisstofnun benda á að hér er um umsögn að ræða en ekki endanlega afgreiðslu stofnunarinnar skv. 3. mgr. 3. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllst,


Trausti Baldursson